

Skólaráðsfundur 3. júní 2015

Fundur settur kl. 16:15 í rauða fundarherberginu.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Freyja Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Þórhallur Ingi Jóhannsson fulltrúi foreldra og Ólöf Kristín Sívertsen fulltrúi foreldra, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélags. Fjarverandi vegna skólaferðalags eru: Ísak Ólason og Katla Sif Friðriksdóttir fulltrúar nemenda.

Jóhanna (JM) bauð alla velkomna á fundinn og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins:

1. Hagræðingarkrafa vegna 2015
2. Undirbúningur næsta skólaárs
3. Fyrirhugaðar framkvæmdir í sumar á lóð Lágafellsskóla og í Höfðabergi
4. Önnur mál

1. Hagræðingarkrafa vegna 2015

JM: Allar stofnanir Mosfellsbæjar þurfa að hagræða í rekstri á þessu skólaári, þar á meðal grunnskólar bæjarins. Það er ekkert svigrúm innan bæjarins að setja meira fjármagn inn í skólana þrátt fyrir aukinn kostnað t.d. vegna samninga kennara.

Verið er að leggja lokahönd á hagræðingarkröfuna – hvar við getum dregið saman og t.d. verið að skoða hvar við erum með þjónustu sem ekki er lögbundin sem og hvort þörf sé á þeim stuðningi við nemendur sem verið hefur þetta skólaárið. Við erum t.d. að útskrifa nemendur úr 10. bekk sem hafa haft stuðning og þá fellur niður ákveðinn stuðningur. Þetta verður gert þó þannig að við erum ekki að segja fólki upp heldur er ekki ráðið í staðinn fyrir einhverja sem hætta.

Ýmsar hugmyndir hafa komið upp til að draga úr rekstrarkostnaði:

Bekkjarkvöld – spurning hvort að foreldrar taki það að sér í haust í stað þess að greiða kennurum fyrir. Hægt væri þó að koma á mótis við kennara t.d. með því að ef kennari haldi bekkjarkvöld þá gæti hann farið fyrir heim einn daginn.

Fækka valgreinum á unglíngastigi

JM nefnir að það eigi að ljúka þessu ferli sem fyrst.

Fulltrúar foreldra létu í ljós áhyggjur sínar og spurning kom hvort þetta væri endanlegt svar frá bæjarfélaginu.

JM nefnir að hún viti ekki hvort allar hugmyndir um sparnað muni ganga upp. Það gæti t.d. verið að hluti af gæslu kennara eða önnur störf sem hafi verið sérstaklega greitt fyrir fari í B-hluta vinnumats.

Ekki er ljóst hvort við höfum svigrúm til að færa hluta af þessu yfir á næstu ár.

Fulltrúar foreldra segja að erfitt sé að meta en láta í ljós áhyggjur yfir fækkun valgreina og minnkun á stuðningi við nemendur.

JM – talar um að hér sé mikið val og í list og verkgreinum séu u.þ.b. 11-13 nemendur en í mörgum skólum eru oft heilir bekkir.

Erfitt að klára þetta vegna vinnumatsins og líklegast ekki hægt að ljúka vinnumatinu á þessu skólaári.

Erfitt fyrir fulltrúa foreldra að leggja mat á þessa hagræðingarkröfu en treysta því að þetta verði unnið að fagmennsku.

Vegna þess að Pétur Magnússon þurfti að víkja af fundi þá bauð hann um að farið yrði í liðinn önnur mál:

4. Önnur mál:

Pétur vildi fá betri upplýsingar um að barn í skólanum væri með einkenni hettusóttar.

JM sagði að barn í 6. bekknum væri með einkenni hettusóttar – en það væri ekki hægt að fá það staðfest vegna verkfalls. Barnið er heima á meðan það sýnir þessi einkenni.

Þegar talað var við lækni Heilsugæslunnar þá taldi hann ekki nauðsynlegt að senda póst á foreldra allra nemenda heldur einungis foreldra 6. bekkjar. 6. bekkur virðist vera viðkvæmastur fyrir þessu vegna skipulagningar bólusetningar.

Áður en Pétur vék af fundi þá sagði hann að hann hefði óskað eftir að hætta störfum. JH þakkar honum fyrir að hafa tekið að sér að sitja í skólaráði.

2. Undirbúningur næsta skólaárs.

Vinnumatargerð og stundatöflugerð i fullum gangi. Kennarar og stjórnendur/sveitafélagið nái samkomulagi um hvernig staðið skal að vinnumatinu.

Kennarar eru að skila inn reiknilíkani sínu en það er misjafn skilningur á hlutunum. Kennarar ásamt stjórnendum hafa verið að hluta til að búa til viðmið sjálf sem hefur tekið langan tíma.

Freyja nefnir að verið sé að negla niður vinnutímamann en skilningur kennara á því sé mjög misjafn. Sumir kennarar eru mjög ósáttir við vinnumatið. Einnig nefnir Freyja hvernig álagið í kennslu hafi breyst t.d þegar skóli án aðgreiningar var innleitt.

Í framhaldi varð umræða um vinnumat og viðhorf kennara til þess.

3. Framkvæmdir við Höfðaberg og Lágafellsskóla

JM nefndir að fyrri hluti af tækjum Skólahreystinnar verður settur niður í sumar. Fjórar kennslustofur fara af skólalóðinni og út í Höfðaberg og sett verður tengibygging.

Fótboltavöllur á Höfðabergi verður malbikaður.

Fulltrúar foreldra kalla eftir upplýsingum um Höfðaberg – hvernig öllu verði háttað t.d.

byggingaframkvæmdum, skipulagi lóðar, bílastæðum. Mikilvægt sé að fá þessar upplýsingar sem fyrst.

JM nefnir að það sé bæjarráðsfundur og málefni Höfðabergs séu á dagskrá hans á morgun.

JM hefur ekki getað gefið út neinar upplýsingar vegna þess að endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar.

JM sýndi fundarmönnum teikningu af Höfðabergi.

Það eru innritaðir 71 nemandi í 1. bekk og þá verða tæplega 200 nemendur í Höfðabergi á næsta skólaári.

Í framhaldi nefnir JM að hugmyndin sé að búa til 2 teymi, blanda þannig að helmingurinn af 1.bekkjum kennurum kenni aftur 1.bekk svo að hugmyndafræðin og reynslan haldist í báðum árgöngum.

Fulltrúar foreldra óska eftir því að gerðar séu öryggisúttektir á Höfðabergi og skólalóðinni sem fyrst.

Í framhaldi komu þær upplýsingar að í 1.bekk til 10 bekk eru í dag 718 nemendur.

Það eru 107 nemendur sem búa a skólasvæði Varmárskóla og 13 nemendur sem búa a öðru skólasvæði.

4. Önnur mál:

Þórhallur Ingi talar um að gerð hafi verið könnun meðal foreldra í Höfðabergi og hann hafi ekki fengið niðurstöður hennar sendar. JM mun senda niðurstöður hennar til foreldra.

Þar sem fulltrúi grenndarnærhverfis hefur látið af störfum þá mun þurfa að finna nýjan fulltrúa fyrir næsta skólaár eða á næsti fundi sem verður í október 2015.

JM slítur fundi og þakkar fundarmönnum fyrir samstarfið í vetur.

3.06 2015

Fundarritari
Guðrún Stefánsdóttir

